

Gjaldskrá fyrir Geymslurými við Ægisbraut 2 (Réttin)

Gildistími frá 1.jan. 2020

Leigugjald skal vera kr. 225,- fyrir hvern m² og tekur breytingum í janúar ár hvert skv. byggingarvísitölu. Byggingarvísitala september 2019 er 146,3.

Hvert bil/svæði er afmarkað og er hægt að leigja eitt eða fleiri svæði. Hvert bil er frá 19 – 33 m² auk þess er eitt bil 200 m². Leigjendum er heimilt að afmarka svæði sitt með girðingarneti.


Rafmagn til lýsingar og tilfallandi minniháttar tækjanotkunar er innifalið í leiguverði.


Leigusali tekur enga ábyrgð á eigum eða búnaði leigjenda.

Leigjendur ber að ganga vel um svæðið. Leigjendur hafa aðgang að snyrtingum en sjá sjálfir um þrif og ræstivörur.

Leigusamningur er til eins árs í senn.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 30. október 2019


Kristján Sturluson, sveitarstjóri


SVEITARSTJÓRI
DALABYGGÐAR

Leigja á geymsluplássi á Fjósum

Gildistími frá 1. sept 2020

Leiga tekur breytingum byggingarvísitölu í sept ár hvert, (grunnur 2010)

Byggingarvísitala september 2019 er 146,3.

Hlaða

Tjaldvagnar	per lengdarmeter/mán	900 kr.
Húsbílar, hjólhýsi, Fellihýsi og bátar með eða án yfirbyggingar	per lengdarmeter/mán	1.200 kr.
Annað	per lengdarmeter/mán	900 kr.
Geymslur	leiga á mánuði	20.000 kr.

Fjárhús

Ýmisar vörur á bretti	leiga á mánuði	2.000 kr.
-----------------------	----------------	-----------

Pláss fyrir tjaldvanga, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og báta er leigt að lámarki þrjá mánuði.

Við útreikning á lengdarmetra búnaðar er afrúnað upp í næsta heila mettra við útreikning á leigugjaldi. Dæmi: Fyrir fellihýsi sem mælist 4,75 m. að lengd og leigutími 5 mánuðir þá er leigugjald: 5 lengdarmetrar x 1.200 kr .á mán x 5 mán =30.000,-

Gjaldskrá þessi var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 30. október 2019

Kristján Sturluson, sveitarstjóri

